

13

15. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 52 27. júní 1941, um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum, bætist:

Húseigendum skal skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að annast um, að til séu í húsum þeirra nauðsynleg eldvarnartæki eftir því, sem loftvarnarnefnd, með samþykki bæjar- eða sveitarstjórnar, nánar ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört i Reykjavík, 15. maí 1942.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

14

15. maí

L Ö G

um lækna ráð.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í lækna ráði eiga sæti eftirtaldir læknar.

- 1) Landlæknir, sem er forseti ráðsins,
- 2) kennarinn í réttarlæknisfræði við háskólann,
- 3) kennarinn í heilbrigðisfræði við háskólann,
- 4) kennarinn í lyfjafræði við háskólann,
- 5) yfirlæknir lyflæknisdeildar Landsspítalans,
- 6) yfirlæknir handlæknisdeildar Landsspítalans,
- 7) yfirlæknir geðveikrahælis ríkisins,
- 8) yfirlæknir Tryggingarstofnunar ríkisins,
- 9) formaður Læknafélags Íslands.

Verði ráðið á þennan hátt ekki skipað 7 eða 9 mönnum, skipar ráðherra lækni eða lækna til viðbótar í ráðið, unz 7 eru, en einn, ef 8 eru fyrir.